71
17. apríl

28. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 89 27. apríl 1945, ásamt síðari breytingu, er úr gildi fallin.

*Samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1953.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

72
18. apríl

# AUGLÝSING

## um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1953.

1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

| Kafli. | Nr. | |
|---|---|---|
| 81 | 6 | Hvalveiðiskutlar. |

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1953.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Kjartan Ragnars.*

73
21. apríl

# AUGLÝSING

## um eftirlitsgjald af fóðurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fóðurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1953.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. apríl 1953.*

F. h. r.

**Gunnlaugur E. Briem.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*